

76 kvæmt 41. gr. farmannalaga 22. marz 1890, hef ákveðið, að sektir þær, sem 18. sept. brjef yðar ræðir um, skuli fyrst um sinn falla í fiskimannasjóð Kjalarnessþinga frá 24. júní 1840.

77 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lánveiting handa prestakalli**
20. sept. **til landkaupa.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 16. þ. m., vil jeg hjer með veita Skútustaðaprestakalli í Suður-Pingeyjarprófastsdæmi 600 kr. lán úr landssjóði, til þess að kaupa handa prestakallinu þann fjórðung svo nefndra »framengja« staðarins, sem undanskilinn var af eigananum, þá er $\frac{3}{4}$ Skútustaða voru keyptir til prestsseturs 1876, þannig, að nefnt lán endurborgist af tekjum prestakallsins á næstu 28 árum, með 6% árlega í vexti og afborgun.

78 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lánveitingu handa prestakalli**
20. sept. **til húsakaupa og húsabygginga.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef stiptsyfirvaldanna, dags. 18. þ. m., vil jeg hjer með eptir beiðni prestsins að Grenjadarstað, síra Benedikts Kristjánssonar, er hlutadeigandi prófastur hefur mælt með, og þjer, herra amtmaður og herra biskup, stutt með tillögum yðar, endurnýja samþykki það, er veitt var í brjefi mínu dags. 8. april 1891 (Stjt. 1891 B, bis. 66), til þess að tjeður prestur taki lán fyrir prestakallið að upphæð 3000 krónur til 28 ára, gegn veldi í tekjum þess, þannig að lánið ávaxtist og endurborgist með 6% á ári í nefndan tíma, og getur lán þetta fengizt af landsjóði. Lásupphæðinni skal sumpart varið til að kaupa, prestakallinu til handa, hús þau, baðstofu 20×6 álnir, búr $17 \times 5\frac{1}{4}$ ál. og eldhús 15×6 ál., er presturinn hefur byggt á prestsetrinu Grenjadarstað, sumpart til þess að byggja þar vandaða stofu, 6×8 ál. og 2 skemmur 6×8 ál. hvora, portbyggðar og með lopti, timburgólfi og þiljum að nokkru leyti, er allt verði eign prestakallsins, og komi framantalin hús öll í stað núverandi jarðarhúsa, baðstofu, búrs, eldhúss og stofu og 4 skemmuræfla, en þau hús verði um leið eign prestsins.

Byggingunni á að vera lokið á næsta sumri, og ber prestinum að vátryggja húsin fyrir eldsvöða, þau, sem þegar eru byggð, nú þegar, en hin þegar þau eru upp komin; vátryggingarupphæðin skal vera að minnsta kosti 3660 krónur, og ber að halda húsunum síðan í slíkri ábyrgð.

Prestinum ber á komanda sumri að sanna fyrir prófasti, að byggingunni sje lokið samkvæmt áætlun, og verkið að öllu leyti vel af hendi leyst; ber honum síðan að halda húsunum vel við, og skal hann eða bú hans á sínum tíma skila þeim í gildu standi eða með fullu álagi.

Skýrsla

um aðalfund amtsráðs Suðuramtsins 27.—29. júní 1893. (Framh.).

13. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu,